

PGA unglingagolf

Handbók PGA kennarans



PGA unglingagolf



PGA unglingagolf, tímabil

Innanfélagsmót: Frjálst

Svæðismót: 15. júlí til 20. ágúst.

Landsmót PGA unglingadeildar: 2014 verður prufuár, ef áhugi skapast verður Landsmót búið til, annars bíður það næsta árs.

Umsjónaraðilar

PGA kennari – hefur yfirumsjón með sínu liði.

Liðsstjóri – Foreldri eða sjálfboðaliði sem sinnir liðsstjórahlutverki undir leiðsögn PGA kennara.

Fyrirliði – PGA kennarinn velur fyrirliða, hann er leiðtoginn í hópnum og afhendir m.a. flögg að leik loknum.

Þátttakendur

Strákar og stelpur sem verða 15 ára á árinu eru gjaldgengir keppendur í PGA unglingagolfi. PGA kennarinn ber ábyrgð á því að aldur keppenda sé innan þeirra marka.

Lagt er til að aldur keppenda sé ekki undir 9 árum. Yngri keppendur mega taka þátt ef PGA kennari og foreldrar viðkomandi telja að hann eigi erindi í PGA unglingagolf.

Ekki er gerð krafa um að keppendur séu í ákveðnum klúbbi, sé keppandi skráður í annan klúbb má hann ekki taka þátt nema sá klúbbur samþykki þá ráðstöfun. Tveir eða fleiri klúbbar geta með þeim hætti sameinast um að búa til lið.

Liðakeppni

Uppsetning vallar: PGA kennari heimaliðs ber ábyrgð á því að setja upp 9 holu völl sem notaður er á keppnisdegi.

Athugið: PGA unglíngagolf á að vera skemmtilegt, markmiðið er að keppendur nái fuglum og jafnvel örnum fyrir lið sitt. Því styttri völlur, því meiri skemmtun fyrir keppendur. PGA unglíngagolf er liðakeppni, látum liðin keppa við hvort annað, en ekki völlinn. Völlurinn má þar af leiðandi ekki vera lengri en 2.500 metrar.

- Engin þar 5 hola má vera lengri en 410 metrar, engin þar 4 hola má vera lengri en 320 metrar og engin þar 3 hola má vera lengri en 140 metrar.
- Flug af teig yfir torfæru má ekki vera lengra en 115 metrar.
- Í tveggja manna „scramble“ keppni er gaman fyrir keppendur að geta náð í einu höggi inn á flöt á þar fjögur holu. Til að gera mótið sem skemmtilegast fyrir þátttakendur, reynið að bjóða upp á a.m.k. eina holu þar sem slíkt er gerlegt.
- Keppnisvöllurinn þarf ekki endilega að vera hefðbundinn þar 36 völlur. Setjið völlinn upp eins skemmtilegan og kostur er fyrir þátttakendur.

Keppni á milli tveggja liða í PGA unglíngagolfi fer fram með þeim hætti að fjögur tveggja manna lið frá einu félagi keppa á móti fjórum tveggja manna liðum úr öðru félagi. Keppnin fer því fram með fjórum **leikjum**. Hver leikur er 9 holur og er hann brotinn upp í þrjá þriggja holu hluta og nefnist hver þriggja holu hluti **flagg**. Flagg er því lykilþáttur í PGA unglíngagolfi og er heimilt að setja inn varamann við byrjun á nýju flaggi, þ.e. á fjórðu og sjöundu holu.

Tilgangslýsing (Mission statement)

Hugmyndin á bakvið PGA unglíngagolf er að gera golfið skemmtilegra og félagsvænna. PGA unglíngagolf er *litla deildin með stóra hjartað*, sem gefur krökkum, 15 ára og yngri möguleika á að spila golf með vinum sínum óháð getu, í vel skipulagðri deild, án pressunar sem fylgir einstaklingskeppni á borð við högggleik.

PGA kennarinn ber ábyrgð á að skapa þá stemningu sem að framan er lýst. PGA unglíngagolf á að vera skemmtilegt, hannað til að lágmarka reglur og um leið hámarka skemmtanagildið.

Með ofangreindum hætti fjölgum við þátttakendum í PGA unglíngagolfi á hverju ári og aukum með þeim hætti vægi golfípróttarinnar á Íslandi.

Reglur fyrir PGA kennarann og ábyrgð hans

PGA kennarinn er stjórnandi liðsins. Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki varðandi þátttöku unglínga í golfi og ætti PGA kennarinn að hvetja foreldra til að hjálpa til við að gera mótið sem skemmtilegast. Þeir geta sinnt liðsstjórahlutverki eða tekið á móti krökkunum eftir leik með veitingar.

1. PGA kennarinn hefur fullt vald og stuðning PGA á Íslandi til að taka allar ákvarðanir varðandi sitt lið.
2. PGA kennarinn verður að vera fullgildur og **virkur** PGA kennari. Hann getur úthlutað verkefnum til annarra aðila sem geta verið PGA kennarar, foreldrar eða sjálfboðaliðar.
3. PGA kennarinn hefur yfirumsjón með vali og niðurröðun keppenda í lið, æfingum og samskiptum við foreldra og börn varðandi keppnisáætlanir og æfingar. PGA kennarinn ber ekki ábyrgð á að koma keppendum á keppnisstað, það er á ábyrgð foreldra.
4. PGA kennarinn ber ábyrgð á að koma öllum upplýsingum og niðurstöðum á heimasíðu PGA unglíngagolfs. Því betur sem síðan er uppfærð því betra fyrir foreldra og keppendur.

Deildin og tímaáætlun

PGA unglingagolf er hægt að stunda og keppa innan klúbbs en jafnframt er hægt að setja upp svæðiskeppni þannig að 4 til 7 lið keppa sín á milli innan landfræðilegra afmarkana. Einn klúbbur getur sent meira en eitt lið til keppni.

1. Þitt lið mun keppa við önnur lið á 5-6 vikna tímabili.
2. Keppnin er liðakeppni og er keppt vikulega. Annað hvort er þitt lið heimalið eða gestir.
3. PGA á Íslandi setur upp deildina þína og ákveður heimaleiki eða gestaleiki byggt á þeim þörfum sem PGA kennarar deildarinnar setja upp.
4. Áður en PGA setur upp deildina ert þú sem PGA kennari búinn að setja upp óskadagsetningar fyrir heimaleiki og það sama á við um hina PGA kennarana. Best er því að allir PGA kennarar á viðkomandi svæði ákveði saman hvernig best sé að hafa fyrirkomulagið og sendi það til PGA á Íslandi. PGA kennarar sem eiga að keppa þurfa að vera í sambandi viku áður en keppnin á sér stað til að staðfesta réttan skilning á leikfyrirkomulaginu.
5. Munið að PGA unglingagolf er hannað til að gera golf skemmtilegt og fjölga þátttakendum. Láttu því góða spilara spila með nýliðum, með þeim hætti mun verkefnið eflast ár frá ári.

Fyrirkomulag liðakeppninnar

1. Hver **keppni** felur í sér fjóra **leiki** þar sem keppt er í **holukeppni** með tveggja manna „**Texas Scramble**“ fyrirkomulagi.
2. PGA kennarinn ákveður tvo keppendur sem hefja leik fyrir hvert af liðunum fjórum. Hann mun jafnframt raða niður varamönnum ef einhverjir eru í liðinu (munið að hver keppandi verður að leika að minnsta kosti eitt flagg (3 holur).
3. Um leið og búið er að skipa leikmann í lið verður hann að klára keppni í því liði. Eina undantekningin er sú að ef keppandi slasast og liðið hans er ekki með varamann, þá má skipa annan leikmann úr öðru liði í hans stað.
4. Allir fjórir leikirnir eru tveggja manna „Texas Scramble“.
5. Hver leikur hefur 3 stig í pottinum (eitt stig fyrir hvert flagg)
6. Keppnin í heild sinni gefur því möguleika á 12 stigum. Það lið sem vinnur flest stig vinnur keppnina en liðin halda þeim stigum sem þau fengu í deildarkeppninni.
7. Skorkort er hægt að nálgast hjá PGA á Íslandi og ber að nota þau þar til deildinni lýkur. PGA kennarinn færir niðurstöður af skorkortum inn á heimasíðu PGA unglíngagolfs.
8. Hvert lið verður að hafa einn fullorðinn einstakling sem heldur utan um skorið. Sá aðili getur verið liðsstjóri.

Keppnisfyrirkomulag

Hver PGA kennari stillir upp sínu liði með 8 keppendum sem hefja leik, 2 í hverjum leik. Varamenn, ef einhverjir eru, eru jafnframt tilkynntir í hvern leik áður en keppni hefst. Skipta má inn varamanni eftir hvert flagg (á fjórðu eða sjöundu holu).

Að ná stigi: Eins og í venjulegri holukeppni, þá er hola unnin af því liði sem er með lægra skor á holuna. Ef lið vinnur fleiri holur innan hvers flaggs, þá vinnur liðið flaggið og fær eitt stig í leiknum. Hver keppni gefur tækifæri á að vinna þrjú stig í heildina. Ef liðin er jöfn eftir flagg, þá fær hvort liðið um sig 0,5 stig. Ef lið vinnur flagg og fær eitt stig, þá á liðið að fá flagg límmiða frá sínum fyrirliða sem hægt er að líma á PGA unglíngagolf pokamerkið.

1. Hver leikur gefur möguleika á að vinna 3 stig (eitt á hverju flaggi).
2. 4 leikir X 3 stig = 12 stig í heildarkeppninni.
3. Það lið sem er með fleiri stig vinnur keppnina Lið geta skilið jöfn í PGA unglíngagolfi.
4. PGA unglíngagolf á að vera skemmtilegt, jafntefli er win/win fyrir alla aðila.
5. Það að ná flaggi er áfangi fyrir keppendur, strax að afloknum leik á að afhenda þeim leikmönnum flagg þannig að þeir geti límt það á pokamerkið sitt.



Skorkort

Leikur nr. 1 ② 3 4

Dagsenging 28.júl.14

	Flagg nr 1					Flagg nr 2					Flagg nr 3				
	Keppendur	1	2	3	Skor	Keppendur	4	5	6	Skor	Keppendur	7	8	9	Skor
Gestalið	<i>Kalli</i>	3	4	4	1	<i>Kalli</i>	4	5	6	0	<i>Siggi</i>	4	3	5	0,5
	<i>Siggi</i>					<i>Soffía</i>									
Heimalið	<i>Sigurveig</i>	3	4	5	0	<i>Sigurveig</i>	4	4	5	1	<i>Velli</i>	4	5	4	0,5
	<i>Ómar</i>					<i>Kolbrún</i>									

Nafn gestaliðs *GKX*
 Keppandi 1 *Kalli*
 Keppandi 2 *Siggi*
 Varamaður 1 *Soffía*
 Varamaður 2 _____

Nafn heimaliðs *GK4*
 Keppandi 1 *Sigurveig*
 Keppandi 2 *Ómar*
 Varamaður 1 *Kolbrún*
 Varamaður 2 *Velli*

Gestalið heildastig 1,5

Heimalið Heildarstig 1,5

Regluvörður *Karl Ásmundsson*

Sími 843-87xx

Ritari *Gaðriður Ólafsdóttir*

Undirskrift *Guðrún Ólafsdóttir*

Að skipta út leikmanni

Í PGA unglíngagolfi er hægt að skipta út leikmönnum innan hvers af þeim fjórum leikjum sem eru í gangi. Varamenn eru hluti af sínu liði þó svo að þeir spili hugsanlega ekki nema eitt eða tvö flögg í keppninni. Varamenn taka fullan þátt í félagslegum þætti leiksins, svo sem kylfuváli, aðstoða við að lesa púttlínu, standa við flaggstöng, aðstoða við að raka glompur og flýta leik með því að sækja bolta sem ekki er spilað.

Undir engum kringumstæðum má varamanni finnast sem hann sé afskiptur og ekki hluti af sínu liði. Með því að spila með varamönnum gefst tilvalið tækifæri til að leyfa nýliðum að spila með reyndari keppendum og með þeim hætti öðlast nýliðinn verðmæta reynslu. Jafnframt er þetta tækifæri fyrir þá sem eiga vini sem ekki spila golf að fá þá með í keppnina sem varamenn. Með þeim hætti gæti áhugi skapast til að hefja golfiðkun hjá viðkomandi.

Reglur leiksins

PGA unglingagolf fylgir almennum reglum um holukeppni og „Texas Scramble“ fyrirkomulagi.

- Að framkvæma högg:** Báðir keppendur úr liðinu slá frá teig. Liðið velur betri boltann og spilar honum áfram með sama hætti.
 - Þegar báðir boltar liðs eru á flöt, skal taka upp þann bolta sem ekki er spilað áfram. Ekki má rúlla honum eða pútta á flötinni.
 - Í keppni fær lið aðvörun sem brýtur reglu um staðsetningu bolta á flöt. Eftir aðvörun fær liðið eitt högg í víti við endurtekið brot.
- Legga bolta:** Keppandi hefur ávallt rétt á því að lyfta bolta, hreinsa hann og leggja niður áður en högg er slegið. Það er aldrei víti ef leikmaður hreyfir bolta óvart, undantekningin er þó regla 1 a.
 - Eftir að betri bolti er valinn, þá merkir keppandi staðinn og verður að leggja hann aftur innan kylfulengdar frá merkinu, þó ekki nær holu. Færa má bolta frá karga yfir á braut ef það er innan kylfulengdar. Bolta má aldrei fjarlægja úr glompu með framangreindum hætti.
 - Bolta er aldrei spilað úr merktum torfærum. Velji lið bolta sem er í torfæru sem betri bolta, þá er tekin lausn og liðið fær eitt högg í víti. Vallarmörk jafngilda hliðarvatnstorfæru í PGA unglinga golfi.
- Hámarks fjöldi högga á holu:** Ekki er hægt að vinna holu ef hún er spiluð á þremur höggum yfir pari. Lið sem nær ekki að klára holur á tveimur höggum yfir pari tekur upp sinn bolta. Ef bæði liðin eru á þremur yfir pari, þá fellur holan.
- Vindhögg:** Hitti keppandi ekki bolta í höggi og slær vindhögg, má hann endurtaka höggið án vítis.
- Aðstoð:** Liðsstjórar mega eingöngu aðstoða keppendur með leikskipulag eftir að hola er leikin og áður en upphafshögg er slegið af þeirri næstu. Engar ráðleggingar má gefa liði á meðan hola er spiluð.
- Golfbílar:** Notkun golfbíla er ekki heimil.
- Víti:** Hámarks refsing fyrir brot á reglu er eitt högg.